



Til: "Eyja- og Miklaholtshreppur" <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>
Afrit: arni@alta.is
Efni: Re: Tillaga um endurskoðað aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepps
Upplýsingar: Sent: 12.12.2018 15:57:40 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018100018, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018100018

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst frá Eyja- og Miklaholtshreppi, dags. 25. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi hreppsins sem er á vinnslustigi. Beðist er velvirðingar á því hve umsögnin berst seint en vegna anna hefur farið fyrir að svara erindinu.

Fyrir í ferlinu sendi Náttúrufræðistofnun fyrirtækinu Alta, sem vinnur fyrir sveitarfélagið að gerð aðalskipulagsins, upplýsingar, sjá meðfylgjandi póst. Líta ber á þær upplýsingar sem formlegar ábendingar frá stofnuninni. Einnig sendi stofnunin upplýsingar varðandi áhrif skógræktar 16. október sl.

Meðfylgjandi eru hér einnig tvö skjöl þar sem skipulagið hefur verið skoðað m.t.t. land vistgerða á svæðinu og athugasemdum þar við. Rétt er að benda á að ekki var farið á vettvang til að skoða áreiðanleika vistgerðarkorta.

Eins og bent var á í meðfylgjandi tölvupósti frá Náttúrufræðistofnun frá 26. október þá er í skipulaginu ekki komið inn á tillögur Náttúrufræðistofnunar vegna B-hlut náttúruminjaskrár.

Ef leirusvæði eru skoðuð m.t.t. hugsanlegra breytingar þá eru hér nokkrar ábendingar. Skoða þarf sértaklega hvort og hver áhrifin geta orðið.

Efnistaka/losun á eða við fjörusvæði (E4, 10-11), og bátaskýli (H1). Ekki er um nýjar námur að ræða en E4 og E11 standa við líflitlar sandfjörur en E10 (Syðra-Skógarnes) er staðsett skv. korti á skilgreindu strandsvæði á sandmaðksleiru. Ekki kemur fram í hve stórt flatarmál sé áætlað undir efnistöku/losun hvers svæðis, einungis rúmmál.

Sjósetningarbraut og bátaskýli við Núpárós (H1) stendur við sandmaðksleiru.

Heilt yfir samræmis efnistaka illa markmiðum Earth Check en engu að síður eru lögð til 23 efnistöku/losunar svæði í hreppnum sem eru töluvert mörg svæði. Skoða þarf hvort ekki megi fækka þeim.

Reiðleiðin um Löngufjörur og Skógarnes að Stakkhamri liggur um víðáttumiklar leirur svæðisins.

Áætlanir um baðlón Eiðhúsa virðist vera skammt á veg komnar en munu fara yfir votlendissvæði.



20181031 athugasemdir v landvistgerða OKV.xlsxLandvistgerdir - samantekt OKV.docx

Póstur til Alta, dagsettur 26. október sl.:

„Sæll aftur, já ég var einmitt að sjá hana í gær, frestur til að skila athugasemdum er til 25. nóvember. **Ég vil benda á að þessi póstur er ekki formlegt svar frá Náttúrufræðistofnun heldur ykkur hjá Alta til upplýsingar.**

Eins og þú kannski veist þá höfum við lagt fram tillögur um vernd svæða þ.e. það sem heyrir undir B-hluta náttúruminjaskrár.

Þessar tillögur fara síðan í formlegt ferli skv. 36. gr. laga um náttúruvernd. Þessar tillögur hafa ekki verið kynntar sérstaklega því það er hlutverk UST skv. greininni. Tillögurnar er hins vegar hægt að nálgast á heimasíðu okkar hér: <http://ni.is/midlun/naturuminjaskra> . Ein tillagan er þessi: <http://ni.is/node/17951> Mýrar- og Löngufjörur. Þessar tillögur koma fyrst og fremst í framhaldi af vistgerðavinnunni og vinnu við mikilvæg fuglasvæði.

Ég vil benda á að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki (það þarf að skoða í hverju tilfalli t.d. núna hvað Eyja- og Miklaholtshrepp varðar) eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. **Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd (hið faglega mat er því til staðar og stendur sem slíkt fyrir sínu).**

Í þessu sambandi vil ég t.d. benda á að það er ekki búið að skoða hvaða form vendar væri heppilegt hér (ef tillagan fer áfram) og er það því alveg óraðið. Það má t.d. benda á 56. gr. laga um náttúruvernd sem hefur annað form en aðrar leiðir.

Einnig má sjá upplýsingar um 61. gr. náttúruverndarlaga hér:

<http://www.ni.is/frettir/2018/07/naturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja>

Þessi vinna tengist líka Bernarsamningnum og Emerald Network, sem Natura 2000 er hluti af, og þ.a.l. því að koma á skipulegi neti verndarsvæða sbr. skyldur samningsins og svo það sem segir um skipulegt net verndarsvæða og B-hluta náttúruminjskrár skv. 35. gr. laga um náttúruvernd til að ná markmiðum 2. og 3. gr. laganna.

Ef það er eitthvað sem er óljóst þá látið mig vita."

Aftur er beðist velvirðingar á hve seint þessar ábendingar berast en vonandi nýttast þær.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: "Eyja- og Miklaholtshreppur" <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>

Date: 10/25/2018 11:01:28 AM

To: <ust@ust.is>, <postur@minjastofnun.is>, <samgongustofa@samgongustofa.is>, <skrifstofa@vedur.is>, <vegagerdin@vegagerdin.is>, <upplysingar@ferdamalastofa.is>, <land@land.is>, <ni@ni.is>, <heilbrigdiseftirlit@vesturland.is>, <skogur@skogur.is>, <landsnet@landsnet.is>, <rarik@rarik.is>, <maria.hauksdottir@anr.is>, <ragnhildur@snaefellsnes.is>, <helgafellssveit341@gmail.com>, <snb@snb.is>, <dalir@dalir.is>, <borgarbyggd@borgarbyggd.is>, <grundarfjordur@grundarfjordur.is>, <stykkisholmur@stykkisholmur.is>, <ssv@ssv.is>, <hve@hve.is>, <info@westiceland.is>, <nsv@nsv.is>, <borgarkata@gmail.com>, <kolur@vortex.is>, <skolastjori@laugargerdissskoli.is>, <kolskor@simnet.is>, 'Úlfar Lúðvíksson' <ul01@logreglan.is>
cc: 'Árni Geirsson' <arni@alta.is>, 'Byggingafulltrúi' <bygg@eyjaogmikla.is>
Subject: Tillaga um endurskoðað aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepps

Tillaga um endurskoðað aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps hefur lagt fram drög að tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar á vinnslustigi í samræmi við 2. mgr. 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Þetta þýðir að tillagan er nálægt endanlegri mynd en enn er svigrúm til lagfæringa og betrubóta ef ábendingar berast um slíkt. Sveitarstjórn mun skoða allar slíkar ábendingar áður en tillagan er lögð fram formlega og auglýst.

Mikilvægt er að íbúar, landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar vegi og meti stefnuna sem sveitarstjórn gerir hér tillögu um og átti sig á því hvernig hún snertir eigin hagsmuni og heildarinnar.

Tillagan er einnig send ýmsum umsagnaraðilum, t.d. stofnunum sem fjalla um málefni tengd skipulaginu.

Ábendingar má senda á netfangið eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is eða með bréfpósti til

Eyja- og Miklaholtshreppur / Hofsstöðum / 311 Borgarnes

Ábendingar og umsagnir sendist í síðasta lagi 25. nóvember 2018.

Tillöguna má sjá á sérstökum vef sem er aðgengilegur hér:

<https://sites.google.com/alta.is/ask-em>

Vísun á þennan vef er einnig að finna á vef sveitarfélagsins <https://www.eyjaogmikla.is/>.

Með kveðju,

Eggert Kjartansson

oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps

Hofsstöðum

311 Borgarnesi

435 6870 eða 865 2400